ólögmæta uppsögn, eins og á stóð. Eigi er um það deilt, að stefnandi hafi tekið kaup og kjör samkvæmt kjarasamningi þeim, sem áður hefur verið vikið að. Samkvæmt samningi þessum átti stefnandi rétt til 3ja mánaða uppsagnarfrests.

Viðurkennt er, að kaup III. vélstjóra hafi numið fjárhæð þeirri, sem stefnandi gerir nú kröfu til, 3 mánuði hina næstu á b/v Þormóði goða, eftir að stefnanda var sagt upp starfi.

Samkvæmt 34. gr. laga nr. 67/1963 þykir stefnandi eiga rétt til allrar þessarar fjárhæðar, enda hafa rökstudd andmæli ekki komið fram til lækkunar á fjárhæð þessari. Verður því stefnukrafan tekin til greina ásamt vöxtum, sem ákveðast 7% á ári frá 14. ágúst 1968 til greiðsludags.

Málskostnað ber að dæma stefnda til að greiða, og þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn 16.000.00 kr. Loks ber að viðurkenna sjóveðrétt í b/v Þormóði goða, RE 209, fyrir ofangreindum kröfum.

Dómsorð mitt er:

Stefndi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiði stefnanda, Elíasi Bernburg, kr. 93.663.60 með 7% ársvöxtum frá 14. ágúst 1968 til greiðsludags og kr. 16.000.00 í málskostnað.

Sjóveðréttur í b/v Þormóði goða, RE 209, er viðurkenndur fyrir framangreindum kröfum. Framangreindar fjárkröfur eru aðfararhæfar innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 8. desember 1971.

Nr. 183/1971. **Valdstjórnin**
gegn
**Páli Konráð Konráðssyni Þormar.**

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.**

Kærumál. Gæzluvarðhald.

## Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 24. nóvember 1971, sem barst Hæstarétti 29. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/

1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Fyrir Hæstarétti liggur sakavottorð varnaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

**Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 23. nóvember 1971.**

Ár 1971, þriðjudaginn 23. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Aðfaranótt 22. þ. m. var framið innbrot í verzlunina Karnabæ að Laugavegi 66 hér í borg og þaðan stolið einu hátalaraboxi að útsöluverði kr. 6.850.00, útvarpsviðtæki að útsöluverði kr. 29.850.00, kassa með 12 stereó 8 casettum, einni skyrtu og um kr. 400.00 í peningum.

Á vettvangi fundust merki þess, að Óskar Elías Héðinn Guðmundsson, Öldugötu 42 hér í borg, hefði verið þar á ferð. Fram er komið í málinu, að greinda nótt hafi Páll Konráðsson, Óðinsgötu 8 A hér í borg, verið með honum. Páll hefur verið handtekinn, en neitar að svara spurningum varðandi málið.

Í þágu rannsóknar málsins, sem er á frumstigi, þykir nauðsyn til bera með tilvísun til 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða nefndan Pál í gæzluvarðhald, svo að hann spilli ekki sakargögnum með óskertu frelsi, en brot það, sem hann er grunaður um, getur samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga varðað fangelsi, og eru því fyrir hendi skilyrði til að beita gæzluvarðhaldi, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 20 dögum.

Ályktarorð:

Páll Konráðsson skal sæta gæzluvarðhaldi allt að 20 dögum.